



## Fundargerð

Tilv. 1501028/1.7

Fundur: Grisjunarráð 2/2015.  
Dagsetning og tími: 18. febrúar 2015, kl. 12.  
Boðaðir: Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður, Njörður Sigurðsson sviðsstjóri skjalasviðs og Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður.  
Mættir: Allir mættir.  
Fundarritari: Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri skjalasviðs

### Dagskrá:

- Grisjunarbeiðni sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 2. febrúar 2015 – fylgiskjöl bókhalds.
- Lögfræðiálit á túlkun ákvæði laga um ábyrgðarmann skjalasafns.

Þjóðskjalavörður setti fund og gengið var til dagskrár.

### **1. Grisjunarbeiðni sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 2. febrúar 2015 – fylgiskjöl bókhalds (málsnr. 1502003).**

Beiðnin var samþykkt. Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu er heimilt að eyða umbeðnum fylgiskjölum bókhalds sjö árum eftir að reikningsári lýkur með því skilyrði að varðveita skal sem sýnishorn öll fyrrnefnd skjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 0 og 5, sbr. viðmiðunarreglu sem stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns Íslands setti 11. febrúar 2010.

### **2. Lögfræðiálit á túlkun ákvæði laga um ábyrgðarmann skjalasafns (málsnr. 1502023).**

Á fundi grisjunarráðs 14. janúar sl. var ákveðið að leita álits lögfræðings á því hvernig túlka beri 2. mgr. 22. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn um ábyrgðarmann á skjalastjórn og skjalavörslu sveitarfélaga. Meginsjónarmið lögfræðings voru kynnt. Málið verður tekið fyrir að nýju þegar skriflegt álit liggur fyrir.

Fundi slitið kl. 12:40.

Eiríkur G. Guðmundsson (sign)

Njörður Sigurðsson (sign)

Svanhildur Bogadóttir (sign)